

Starfsemi verðlagsnefndar búvöru 2022-2023

Verðlagsnefnd búvöru ákveður samkvæmt lögum lágmarksverð til bænda fyrir mjólk innan greiðslumarks og einnig heildsöluverð helstu mjólkurvara. Í raun hafa ákvarðanir verðlagsnefndar um heildsöluverð áhrif á allar vörur sem aðildarfélög SAM framleiða.

Verðlagsnefnd búvara er skipuð samkvæmt 7. grein Búvörulaga nr. 99/1993. Verðlagsnefnd búvara var síðast skipuð til tveggja ára frá 1. júlí 2022 til loka júní 2024.

Frá 2022 til 2024 er verðlagsnefnd búvara skipuð eftirtöldum fulltrúum: Kolbeinn Hólmar Stefánsson, formaður nefndarinnar skipaður af matvælaráðherra, Herdís Magna Gunnarsdóttir og Reynir Þór Jónsson, tilnefnd af Bændasamtökum Íslands (BÍ), Elín Margrét Stefánsdóttir og Pálmi Vilhjálmsson, tilnefnd af Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM), Helga Ingólfssdóttir tilnefnd af Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) og Hrannar Már Gunnarsson tilnefndur af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja (BSRB).

Einnig var Hálfván Óskarsson tilnefndur af matvælaráðherra sem áheyrnarfulltrúa minni vinnslufyrirtækja mjólkur og hefur hann tillögurétt.

Nýskipuð Verðlagsnefnd fundaði fimm sinnum frá 1. júlí 2022 til 31. desember 2023.

Á fundi 1. september 2022 var ákveðin 4,56% hækkun á lágmarksverði til bænda og 3,72% hækkun heildsöluverðs þeirra vara sem verðlagsnefnd verðleggur. Verðlagningin tók gildi 8. september 2022.

Á fundi verðlagsnefndar 30. nóvember 2022 var m.a. fjallað um framreiknaðan verðlagsgrundvöll kúabús fyrir desember 2022. Samanlögð hækkun gjaldaliða grundvallarins var 2,38%.

Á næsta fundi nefndarinnar 7. desember 2022 var m.a. fjallað um reiknaða hækkun á vinnslu- og dreifingarkostnaði mjólkur (Iðnaðarlíkani). Bókað var: „Frá síðustu verðákvörðun, í september til desember 2022 er reiknuð hækkunarþörf líkansins 2,75% að meðtöldum áhrifum kjarasamninga.“ Í lok fundar var samþykkt að hækka lágmarksverð til bænda um 2,38% og heildsöluverð um 2,54%; fulltrúar launþega sátu hjá. Einnig var gerður fyrirvari við ákvörðunina þess efnis að nefndin skuli koma fljótt saman ef niðurstöður annarra kjarasamninga gæfu tilefni til endurskoðunar á verðákvörðuninni. Samhliða var samþykkt að halda næsta fund nefndarinnar 20. desember 2022.

Á fundi verðlagsnefndar 20. desember 2022 var tekist á um endurskoðun verðlagningar sem samþykkt var á fundi 7. desember. Frá fundi 7. desember var flestum kjarasamningsviðræðum lokið með undirritun samninga. Farið var yfir áhrif nýrra kjarasamninga á launakostnað starfsmanna í mjólkuriðnaði. Samkvæmt Iðnaðarlíkani sem notað er til að meta vinnslu- og dreifingarkostnað hækkar launakostnaður um 11,4% frá september 2022 til desember 2022 og hefur sú breyting þau áhrif að reiknuð hækkun vinnslu- og dreifingarkostnaðar verður 5,06%.

Að loknum umræðum var lögð fram og samþykkt tillaga um að ákvörðun fundar 7. desember um lágmarksverð til bænda standi og taki gildi frá og með 1. desember 2022. Tillagan var samþykkt en fulltrúar ASÍ og BSRB sátu hjá.

Þá var lagt til að almennt heildsöluverð verði hækkað um 3,5% með gildistöku frá og með 1. janúar 2023. Tillagan var samþykkt en fulltrúar ASÍ og BSRB bókuð mótmæli, og fulltrúi BSRB greiddi atkvæði á móti tillögunni.